

# Gjaldskrá Landskerfis bókasafna hf. 2017

## 1. gr. Mánaðarlegt þjónustugjald

- a) Sveitarfélög greiða gjald sem miðast við íbúafjölda og gildir það fyrir öll bókasöfn á vegum þess sveitarfélags. Gjald fyrir hvern íbúa er kr. 17,934.
- b) Háskólasöfn greiða gjald sem miðast við nemendafjölda og fjölda akademískra starfsmanna stofnunarinnar. Í útreikningum hefur fjöldi nemenda einfalt vægi en fjöldi akademískra starfsmanna þrefalt vægi. Einingarverð er kr. 124,651.
- c) Framhaldsskólasöfn greiða eftir fjölda nemenda. Gjald fyrir hvern nemenda er kr. 41,11.
- d) Önnur söfn greiða hlutfall af grunngjaldi sem er kr. 41.114.
  - lítil söfn á vegum félagasamtaka grunngjald x 0,25
  - söfn með færri eintök en 5000 grunngjald x 0,5
  - söfn með færri eintök en 20.000 grunngjald x 1
  - söfn með fleiri eintök en 20.000 en færri en 40.000 grunngjald x 1,5
  - söfn með fleiri eintök en 40.000 en færri en 60.000 grunngjald x 2,0
  - fyrir hver 20.000 eintök til viðbótar skal margfalda grunngjald með stuðlinum 0,5 til viðbótar.

Við ofangreind verð bætist virðisaukaskattur 24%. Opinberar stofnanir eiga rétt til endurgreiðslu á fjórum fimmtu virðisaukaskattsins (sjá nánar úrskurð yfirskattanefndar um málid á [yef nefndarinnar](#)).

Þjónustugjaldið er endurreiknað á þriggja ára fresti miðað við breyttan fjölda eininga eða íbúafjölda.

## 2. Aukaverk

Fyrir aukaverk, þar með talda símaþjónustu, skal, nema kveðið sé á um annað í gjaldskrá eða samningi, greitt tímagjald kr. 14.004 auk 24% virðisaukaskatts.

Gjald fyrir þátttöku í skráningarnámskeiði (umfram eitt gjaldfrjálst sæti fyrir ný aðildarsöfn) er kr. 32.950 auk 24% virðisaukaskatts.

## 3. gr. Verðhækkanir

Öll verð samkvæmt gjaldskrá þessari hækka miðað við vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu í nóvember 2016 sem er 438,4.